

SJF/

Reykjavík, 12. febrúar 2013

Tilv.: 201301-0031

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál.

Ríkissaksóknari hefur ekki forsendur til að gera athugasemdir við efnisákvæði frumvarpsins, en bendir á að í 31. gr., 38. gr. og 90. gr. frumvarpsins er tiltekin háttsemi lýst refsiverð, í öðrum ákvæði frumvarpsins, sem t.a.m. innihalda bannreglur, er hins vegar ekki tiltekið að sú háttsemi sem um ræðir sé refsiverð. Má í dæmaskyni nefna 63.-65. gr.

Í 91. gr. frumvarpsins er fjallað um refsíabýrgð. Það ákvæði er almennt orðað og tilgreinir ekki nákvæmlega hvaða háttsemi er refsiverð né heldur er tilgreind með skýrum hætti meginafmörkun sem ætlast er til að gildi um skilgreiningu á refsiverðri háttsemi sem kann að vera kveðið nánar á um í stjórnvaldsfyrirmælum. Þá vantar að skilgreina saknæmisskilyrði (ásetningur og gáleysi). Efni frumvarpsgreinarinnar kann þar með að vera í nokkurri andstöðu við ríkjandi sjónarmið í refsirétti um lögbundnar refsheimildir og skýrleika refsheimilda. Til frekari skýringar vísast til athugasemda ríkissaksóknara við 13. gr. frumvarps til laga um búfjárhald (heildarlög), 282. mál.



Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is